



REGLUGERÐ UM NOTKUN FARARTÆKJA Í GSÍ MÓTUM

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til notkunar keppenda og kylfubera á golfbílum og öðrum farartækjum í golfmótum sem haldin eru af Golfsambandi Íslands.

2. gr.

Stefna Golfsambands Íslands er að almennt skuli keppendur og kylfuberar í golfmótum á vegum GSÍ ganga meðan á leik stendur. GSÍ telur að líkamlegt atgervi sé einn áhrifabátta varðandi árangur í golfkeppnum og því skuli miðað við að ganga sé eðlilegur hluti golfkeppni.

Með tilliti til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra veitir GSÍ þó undanþágur frá banni um notkun farartækja til kylfinga með langvarandi líkamlega fötlun sem kemur í veg fyrir að þeir geti gengið í golfmótum.

3. gr.

Í golfmótum á vegum GSÍ, að undanskildu Íslandsmóti eldri kylfinga, 65 ára og eldri, skal mótisstjórn aðeins veita þeim keppendum, sem framvísa vottorði frá tilnefndum trúnaðarlækni GSÍ, heimild til að nota farartæki meðan á keppni stendur. Vottorðið skal staðfesta að keppandinn búi við langvarandi líkamlega fötlun og þurfi á farartæki að halda við keppni, að því tilskildu að slíkt veiti keppandanum ekki ótilhlýðilegt forskot, sbr. golfreglu 4.3b(1).

Umsókn um heimild til notkunar farartækis skal senda mótastjóra GSÍ að minnsta kosti einni viku áður en mótið hefst. Umsóknin skal send til motanefnd@golf.is og henni skal fylgja afrit vottorðsins.

Upplýsingar um trúnaðarlækni GSÍ skulu birtar á heimasíðu GSÍ.

4. gr.

Keppandi sem fær leyfi til að nota farartæki ber ábyrgð á notkun þess. Hann einn má ferðast á farartækinu en t.d. ekki kylfuberi hans eða meðkeppendur. Ef keppandinn er kylfuberi má ekki nota farartækið til að flytja útbúnað annarra keppenda en hann er kylfuberi fyrir.

5. gr.

Í öllum golfmótum á vegum GSÍ er starfsmönnum mótanna heimill tilfallandi akstur keppenda, til að flýta leik.



Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 14. maí 2019